

Mál 20/2018

Ár 2019, þriðjudaginn 25. mars, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 20/2018

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd 21. nóvember 2018 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða X hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 21.-22. maí 2018 hafi komið í ljós að tíkin A var ekki með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 5. febrúar 2019 og henni gefinn andmælafrestur til 5. mars. Ekkert svar barst frá kærðu innan tilskilins frests og taldi siðanefnd þar með að ljóst væri að kærða myndi ekki nýta sér andmælarétt sinn og ákvað því að taka málið til úrskurðar byggt á þeim gögnum sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 13. ágúst 2018 var tíkin A pöruð við rakkann B. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð, en skv. grundvallarreglum félagsmanna í HRFÍ þurfa þau að vera til staðar. Hundarnir eru af tegundinni Labrador retriever og er tíkin í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og vera með tilskilin vottorð um heilsufarsskoðun fyrir pörun og í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ, reglur sérdeilda segir um hundakynið Labrador retriever:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 1. nóvember 1999). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).”

Eftirtaldar tegundir: Labrador retriever, Chesapeake Bay retriever, Nova Scotia Duck Tolling retriever (gildir frá 01.01.2007) og Golden retriever (gildir frá 01.06.2008) verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fáist skraðir í ættbók HRFÍ. Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar. Heimilt er að para hund sem hefur greinst sem

PRA beri svo framarlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P).

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tilskilið augnvottorð lá ekki fyrir við pörun en það er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og þarf að liggja fyrir til þess að tryggt sé að hundarnir beri ekki með sér ættgenga sjúkdóma. Tíkin var augnskoðuð eftir pörun og stóðst skoðun varðandi PRA en var greind með Cataract.

Kærða telst því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ en þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá þykir hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kæra er áminnt.

F.h. siðanefndar

Kristín Fjóra Fannberg

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir